



**17. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
Miðvikudaginn 10. janúar 2007, kl. 16:15.**

Formaður bæjarráðs, Héðinn Sigurðsson setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Brunavarnir A-Hún.
 - a. Fundargerð stjórnarfundar frá 8. janúar sl.
 - b. Endurskoðun samþykktar Brunavarna A-Hún frá 1994 og reiknireglur kostnaðarskiptingar aðildarsveitarfélaga.
2. Héraðsnefnd A-Hún.
 - a. Fundargerð Héraðsnefndar frá 13. desember sl.
 - b. Fundargerð héraðsráðs frá
 - c. Yfirlit yfir skiptingu héraðssjóðsgjalda sbr. fjárhagsáætlun Héraðsnefndar A-Hún fyrir árið 2007.
3. Heilbrigðiseftirlit NV.
 - a. Yfirlit yfir heilbrigðiseftirlitsgjöld 2007.
4. Erindi frá FMR.
5. Erindi frá menntamálaráðuneyti.
6. Drög að samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Blönduósbæ.
7. Drög að samningi vegna afnota af leigulandi.
8. Fjárhagsáætlun 2007 ásamt þriggja ára áætlun 2008-2010.
9. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Brunavarnir A-Hún.
 - a. Fundargerð stjórnarfundar frá 8. janúar sl.
Lögð fram til kynningar.
 - b. Endurskoðun samþykktar Brunavarna A-Hún frá 1994 og reiknireglur kostnaðarskiptingar aðildarsveitarfélaga.
Samþykktir Brunavarna A-Hún. yfirfamar. Skv. nógildandi reiknireglu um kostnaðarskiptingu Brunavarna er hlutdeild Blönduóssbæjar 67,61% og Húnavatnshrepps 32,39%.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að leggja fram drög að nýjum samþykktum og leggja fyrir bæjarráð.

2. Héraðsnefnd A-Hún.
 - a. Fundargerð Héraðsnefndar frá 13. desember sl.
Lögð fram til kynningar.
 - b. Fundargerð héraðsráðs frá 4. janúar sl.
Lögð fram til kynningar.



c. Yfirlit yfir skiptingu héraðssjóðsgjalda sbr. fjárhagsáætlun Héraðsnefndar A-Hún fyrir árið 2007

Skv. fjárhagsáætlun héraðsnefndarinnar eru heildarframlög aðildarsveitarfélaga kr. 77.158.000. Þar af er hlutdeild Blönduósbæjar 41,74% eða kr.32.206.000 á árinu 2007 sem skiptist þannig:

| Héraðsnefnd 2007 | Heildarframlög | þar af Blönduósbær |
|---------------------------|-------------------|--------------------|
| Laun í tónlistarskóla | 32.510.000 | 13.569.674 |
| Héraðsskjalasafn | 5.054.000 | 2.109.540 |
| Kvennaskóli - viðhald | 2.153.000 | 898.662 |
| Lúðrasveitin | 800.000 | 333.920 |
| Skólalþjónusta | 7.450.000 | 3.109.630 |
| Farskóli NV | 510.000 | 212.874 |
| Lán til dvalarh. Sæborgar | 10.500.000 | 4.382.700 |
| Yfirstjórn, framlög | 18.181.000 | 7.588.749 |
| Samtals | 77.158.000 | 32.205.749 |

Bæjarráð felur bæjarstjóra að fá yfirlit yfir þær fasteignir sveitarfélaganna sem eru án álagningar í skiptingu héraðssjóðsgjalda fyrir næsta fund.

3. Heilbrigðiseftirlit NV.

a. Yfirlit yfir heilbrigðiseftirlitsgjöld 2007.

Skv. fjárhagsáætlun eru heildargjöld vegna heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga á Norðurlandi vestra áætluð um 20 mkr. Þar af er kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga 7 mkr. og hlutdeild í eftirliti fyrirtækja tæpar 13 mkr.

Skv. skiptingu íbúatölu er hlutdeild Blönduósbæjar tæp 10% og skiptist þannig:

| Heilbrigðiseftir. NV | Heildarfjárhæð | þar af Blönduósbær |
|-----------------------|------------------|--------------------|
| Sveitarfélög | 7.000.000 | 702.204 |
| Framlög v. fyrirtækja | 1.681.000 | 140.083 |
| Samtals | 8.681.000 | 842.288 |

4. Erindi frá FMR.

Lagður fram samningur á vegum samráðshóps fulltrúa félagsmálaráðuneytis/Jöfnunarsjóðs, Sambands Íslenskra sveitarfélaga, félags fjármálastjóra sveitarfélaga og fasteignamats ríkisins frá 21. des. sl.

Samningurinn felur í sér upplýsingaaðgengi og vinnslu starfsmanna sveitarfélaga og/eða verktaka að álagningarhluta Landskrár fasteigna um álagningu fasteignaskatta og fasteignagjalda eða um eftirlit með álagningu.

Bæjarstjóra falið að undirrita samninginn.

5. Erindi frá menntamálaráðuneyti.

Lögð fram drög að stefnu stjórnvalda í fornleifavernd ásamt greinargerð.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við tillöguna.



6. Drög að samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Blönduósbæ.

Drögin voru til samþykktar á fundi bæjarráðs þ.28. desember sl. Bæjarráð samþykkir yfirfarnar breytingar.

7. Drög að samningi vegna afnota af leigulandi.

Bæjarstjóri vék af fundi vegna skyldleika við málið.

Tæknideild og staðgengli bæjarstjóra falið að vinna áfram að samningsgerð á grundvelli þeirra draga sem fyrir liggja.

Bókun frá Valdimar Guðmannssyni:

Á fundi bæjarráðs 30. ágúst sl. lagði undirritaður fram eftirfarandi fyrirspurn til bæjarstjóra:

"Hafa farið fram viðræður á milli Tveggja átta ehf. og Blönduósbæjar um leigusamning á landi fyrir væntanlegan afþreyingargarð (áður húsdýragarð) og hvar er það mál stadd nú." Valdimar Guðmannsson.

Á fundi bæjarstjórnar 12. september sl. svaraði bæjarstjóri áðurnefndri fyrirspurn á eftirfarandi hátt:

"Vorið 2004 var samþykkt samhljóða í bæjarstjórn að Blönduósbær legði til land undir verkefnið. Vinnu við innlausn spildna lauk nýverið og því eðlilegt að samningar vegna afnota svæðisins fylgi nú í kjölfarið." Undir bókunina ritar Jóna Fanney Friðriksdóttir.

Ástæðan fyrir þessari fyrirspurn minni var að ég tel með öllu óverjandi fyrir bæjarstjórn að heimila framkvæmdir á landi Blönduósbæjar án þess að um það sé gerður skriflegur og þinglýstur samningur.

Hvað varðar umræddan afþreyingargarð (áður húsdýragarð) tel ég að svör þurfi að liggja fyrir að lágmarki við eftirtöldum atriðum í samning áður en framkvæmdaleyfi sé gefið út af hálfu Blönduósbæjar þannig að hagsmunir sveitarfélagsins séu tryggðir eins og kostir er.

Þessi atriði eru eftirfarandi:

- 1. Framkvæmdaáætlun.*
- 2. Kostnaðaráætlun.*
- 3. Fjármögnun á framkvæmdum.*
- 4. Rekstraráætlun eftir að framkvæmdum lýkur.*
- 5. Leyfi heilbrigðisyfirvalda og grenndarkynning.*
- 6. Þá verður að vera fyrirvari í samningnum - ef nýting landsins verður ekki með þeim hætti sem ætlað var eða starfsemin liggja niðri einhvern tíma t.d. 2 - 4 ár, þá sé landið sjálfkrafa komið í umsjón sveitarfélagsins.*
- 7. Ársreikningar vegna rekstraráranna 2004 og 2005 fyrir 2 áttir ehf.*

Valdimar Guðmannsson.



8. Fjárhagsáætlun 2007 ásamt þriggja ára áætlun 2008-2010.

Forsendur 3ja ára áætlunar ræddar. Farið yfir breytingar frá fyrri umræðu bæjarstjórnar á fjárhagsáætlun.

9. Önnur mál voru engin.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

*Héðinn Sigurðsson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Ágúst Þór Bragason (sign.)*

*Áheyrnarfulltrúi:
Valdimar Guðmannsson (sign.)*

Fundi slitið kl. 18:15 .

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)